

## 224. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

Haldinn í Ráðhúsinu á Dalvík, fimmtudaginn 18. október, 2018, kl. 15.00.

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Þróstur Friðfinnsson, Katrín Sigurjónsdóttir og Valtýr Hreiðarsson. Ásgeir Örn Blöndal boðaði forföll. Varamenn voru boðaðir en áttu ekki heimangengt.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri, Helga María Pétursdóttir og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð)

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð stjórnarmenn velkomna.

### 1. Undirritun fundargerðar nr. 223

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda

### 2. Eyþing

Fyrsti liður b. í fundargerð stjórnar Eyþings frá 21.09.2018 er varðar tillögu stjórnar Eyþings til aðalfundar sem er þannig:

*„Það er sameiginleg sýn aðildarsveitarfélaga Eyþings að heillavænlegt sé til framtíðar litið að samstarfsverkefni sem sinnt er nái yfir allt starfssvæði landshlutasamtakanna og því mikilvægt að heildarsýn náist í sameiginlegri atvinnuþróun og byggðamálum á Eyþingssvæðinu. Aðalfundur Eyþings haldinn í Mývatnssveit 21.-22. september 2018 samþykkir að skipa fimm einstaklinga í starfshóp til að hefja viðræður við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar í samræmi við erindi þess til fundarins. Jafnframt er starfshópnum falið að hefja viðræður við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga um form samstarfs og samvinnu þessara þriggja aðila á sviði atvinnu- og byggðamála til framtíðar. Starfshópurinn skal hafa lokið störfum fyrir 1. mars 2019.“*

Einnig samþykkt tillaga að leiðarvísi fyrir starfshóp um sameiningarviðræður við Aþ og Afe. Þessar tillögur voru samþykktar síðar sama dag á aðalfundi Eyþings.

### 3. Bráðabirgðauppgjör fyrir janúar til ágúst 2018

Framkvæmdastjóri fór yfir og kynnti bráðabirgðauppgjör félagsins. Afkoman er viðunandi og heldur betri en á síðasta ári og í samræmi við áætlun.

### 4. Málþing um fiskeldi

Áskoran hefur komið fram um að Afe standi fyrir málþingi eða upplýsingafundi um fiskeldi. Fram kom að Dalvíkurbyggð muni halda kynningarfund um sama efni 22. október n.k. Ákveðið að fresta ákvörðun um fundarefni og dagsetningu Afe fundarins þar til eftir Dalvíkurfundinn. Stefnt á seinustu viku í nóvember. Ákveðið að Afe láti gera skoðanakönnun meðal íbúa Eyjafjarðar um viðhorf til fiskeldis.

### 5. Verkefni

Framkvæmdastjóri fór yfir nokkur verkefni m.a. raflínumál, tæknimál Akureyrarflugvallar, Dysnesmál, innviðagreiningu, ný heimasíða, greining landbúnaðar ofl.

### 6. Önnur mál

Sagt frá samstarfsverkefni með vistorku varðandi úrgangsmál í Færeyjum og Grænlandi. Hugmyndin er að sækja um í NORA sjóðnum. Verkefnið gengur útá að selja reynslu og þekkingu á flokkunar og endurvinnslumálum.

Stefnt á jólahlaðborð sama dag og desember stjórnarfundinn.

Fleira ekki fært til bókar.

**Fundi slitið kl. 16:01**

Dagnýr Þórsóttir.  
Séðin Siguíðindóttir  
Hróður Þorðsson  
Sally